



2010-2012

Skóli á grænni grein



Verkefnisstjóri: Bolette Höeg Koch

Umhverfissáttmáli Þjósárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- Styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð
- Nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- Skóli og heimili taka höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- Örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu
- Nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- Umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Markmið 2010-2012

Að nemendur

- Vinni verkefni úr efni sem fellur til í skólanum sem annars væri hent
- Hreyfi sig í nærumhverfinu
- Vinni verkefni úr rusli
- Fræðist um hollt líferni í sátt við náttúruna
- Fræðist um sjálfbærni og leiðir sem eru færar fyrir nemendur
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánanum

Áætlun fyrir 2010-2012

- Nemendur nota í myndmennt, smíði og textílmennt efni sem lokið hefur hlutverki sínu
- Nemendur safni rusli og nýti í verkin sín
- Farið verður oft út og unnin verkefni úti sem krefjast hreyfingar og skoðunar á nærsamfélaginu
- Farið í Þjóðskóginn í útikennslu
- Nemendur fái fræðslu um þarfir líkamans á hvíld, hreyfingu og næringu
- Nemendur fái fræðslu og ræði um hvernig þeir geti tekist á við sjálfbærni, gangi vel um matinn, taki tillit til samnemenda og annarra. Passi upp á skólalóðina og geri hana betri. Hafi skoðun á nærumhverfinu og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum
- Nemendur haldi heilsudag þar sem kynnt eru verkefni í til dæmis líkama mannsins og hringrásum

Markmið 2008 – 2010

Að nemendur

- Vinni í skólalóðinni
- Fræðist um fleiri flokkunar möguleika en við höfum
- Fræði samfélagið í kringum okkur
- Leggi til að skólinn skipuleggi innkaup sín með gæði og endingu í huga.

Áætlun fyrir 2008 -2010

- Nemendur taka þátt í að skipuleggja skólalóðina
- Nefndin skipuleggur fleiri rusladaga
- Settar verða upp ábendingar um umgengni úti við
- Eldri nemendur fara í Sorpu og fá fræðslu þar
- Tekinn verður saman smá bæklingur um umhverfisstefnu skólans fyrir foreldra og hreppsþúa. Lýsing af hvar í sveitinni hægt er að losa sig við sorp og hvernig flokkunar möguleikarnir eru. Fá hreppsnefndina með okkur og prenta bæklinginn og dreifa.
- Farið verður yfir með skólastjóra hvernig innkaupum er háttað.
- Keypt verður lífrænt ræktað grænmeti, þegar hægt er.
- Keypt verði íslensk framleiðsla þegar hægt er.

Markmið fyrir 2006-2008

Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.
- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettur er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

Markmið fyrir 2004-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni.
 - slökkva ljósið á klósettunum.
 - slökkva á tölvunum eftir daginn.
 - fræða nemendur um orku.
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

Áætlun fyrir 2004-2006

- Að setja niður kartöflur og taka upp aftur
- Nýta kartöflurnar í skólanum.
- Að senda upplýsingar heim til foreldra.
- Senda nemendur heim með spurningalista um flokkun sorps á heimilinu.
- Að kenna nemendum um mismunandi orkuframleiðslu.
- Fara með nemendur í heimsókn í virkjanir.

Markmið fyrir 2002-2004

- Að bæta umhverfi skólans.
- Að bæta umhverfisvitund nemenda og virðingu fyrir umhverfinu.
- Að minnka sorpið sem frá okkur fer.
- Að nemendur læri að flokka sorp og spara orku.

Áætlun fyrir 2002-2004

- Að nemendur og starfsfólk:
 - flokki lífrænt rusl.
 - flokki pappír.
 - flokki fernur.
 - slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni.
- Bæta fræðslu til nemenda og foreldra.
- Hafa umhverfisstefnuna sýnilegri.
- Skipuleggja hreinsunardag í hverfinu.
- Minna sápu- og handþurrkunotkun.
- Að bílstjórar:
- drepi á bílunum fyrir utan skólann.
- Að skólinn:
- kaupi og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfisvottun.



Nemendur að fylgjast með sauðburði vor 2012

Framkvæmdaáætlun

Umhverfisnefnd skólans er kosin lýðræðislega í 4.-7. bekk. Hún starfar með verkefnisstjóra Bolette Høeg Koch og ræstitækni okkar Hrafnhildi Ágústdóttur og heldur fundi á skólatíma.

Umhverfissáttmálinn hangir uppi í skólanum, þar sem allir nemendur, starfsmenn og gestir sjá.

Í skólanum flokkum við rusl í neðangreinda flokka. Flokkunin er þriggja tunnu kerfi sem tekur mið af þeim flokkum sem Íslenska Gámafélagið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur bjóða okkur upp á, á gámasvæðinu við Árnes.

Í moltugerðartunnuna fer:

- brauð
- ávextir
- grænmeti
- eggjaskurn
- kaffikorgur
- pappír
- hafragrautur

Moltan úr moltutunnunni er notuð til að setja í beð sem við setjum kartöflurnarniður í, á vorin. Einnig er notuð molta til að skipta um jarðveg í pottaplöntunum sem til eru í skólanum og eins hjá þeim kryddjurtum sem við ræktum.

Pappír flokkast á eftirfarandi máta:

- Pappír úr tættara á skrifstofunni fer í moltutunnuna.
- Pappír sem notaður hefur verið öðru megin fer í kassa og er síðan notaður aftur.
- Fullnýttur pappír fer svo í grænutunnuna.

Fernur eru lítið notaðar í skólanum, nemendur fá mjólk úr 10 lítra kössum í morgunmatnum. Plaströr úr kössunum eru notaði í föndur og starfagerð hjá 1. bekkingum.

Kaffi pokar eru notaðir sem efni í vélsaumaverkefni.

Pappakassar sem koma með vörur eru endurnýttir, notaði í leikmyndir, muni og búningar. Einnig sem kassar áfram.

Rafhlöður eru settar í gám frá Íslenska Gámafélaginu.

Reynt er að halda handþurrku- og handsápunotkun í lágmarki. Á salernunum hanga skilti sem minna á að spara notkun. Á starfmannaklósettunum er búið að hengja upp handklæði aftur, en heilbrigðiseftirlitið leyfir það ekki hjá nemendunum.

Skilti hanga á skólanum til þess að minna á að hafa bíla ekki í gangi á skólaplaninu.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að halda orkunotkun í lágmarki. Miðar eru við rofana í kennslustofunum til þess að minna á að slökkva ljósin.

Hreinsun í kringum skólann hefur verið skipulögð þannig að skólalóðinni hefur verið skipt niður í nokkur svæi og hver bekkur tekur eitt svæði.

Árlega förum við, nemendur og starfsfólk skólans í fræðslu- og landgræðsluferð í samvinnu við Landgræðsluna.

Fræðsla til foreldra, nemenda og annarra sem áhuga hafa er sett á heimasíðu skólans til þess að stuðla að betri fræðslu.



5.-7. bekkur í landgræðsluferð. Sigprúður Jónsdóttir fræðir nemendur.



Nemendi að vinna verkefni í skógarferð í Þjórsárdal.

Kennslumarkmið Þjórsárskóla

Allar nemendur vinna að markmiði skólans en á mismunandi vegu

Umhverfismennt í öllum árgöngum

Markmið:

Að nemendur


- fræðist um sjálfbærni og skynji “ein jörð fyrir alla”
- hafi jákvæð viðhorf til alls lífs og umhverfis
- öðlist þekkingu á umhverfi sínu og hringrásum í náttúrunni
- vinni að verkefnum sem stuðla að bættu umhverfi
- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnslulát
- tíni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmenn
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heiman í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismenn
- fræðist um orku
- fræðist um sjálfbærni og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Aðferðir:

Reynt er að flétta umhverfismenn inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmenn/útikennslu. Nemendur vinna námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Þjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismenn notaðar. Umhverfi skólans og þjóðskógurinn í Þjórsárdal verða einnig notuð.



Kartöfluuppskera 2011. Kartöflum var pakkað inn í saltdeig, sem var grillað á skólalóðinni. Síðan borðað með kryddsmjöri úr jurtum sem ræktaðar voru í skólanum.



Grænfánastarfið í Þjórskóla veturinn 2010-12

Gnúpverjaskóli (eins og skólinn hét fyrir sameiningu) var einn af stofnfélögum Grænfánans, við fengum fyrsta fánann afhentan 2004, síðan 2006 og 2008 og svo 2010 nú sækjum við aftur um að endurnýja fánann.

Starfið í skólanum er í góðri samvinnu skólastjóra, kennara, skólaliða og nemenda. Ég tel að aðalkostur okkar sé hversu góð samvinnan er innan skólans.

Í umhverfisnefndinni sátu árið 2010-11 Dána Ösp Davíðsdóttir fyrir 6. bekk, Hekla Salóme Magnúsdóttir fyrir 5. bekk, Sigríður Lára Jónasdóttir fyrir 5. bekk og Dísu Björk Birkisdóttir fyrir 5. bekk. Árið 2011-12 sátu Dána Ösp Davíðsdóttir fyrir 7. bekk, Sigríður Lára Jónasdóttir fyrir 6. bekk, Matthías Bjarnasson fyrir 6. bekk, Guðmundur Heiðar Ágústsson fyrir 6. bekk, Hrafnhildur Ágústsdóttir situr í nefndinni fyrir ræsttækna og Bolette Høeg Koch er verkefnisstjóri. Bolette og nemendur hafa fundað á skólatíma, nemendur hafa verið duglegir að muna eftir fundartímunum og sýnt áhuga og unnið mjög vel. Kann ég þeim bestu þakki fyrir samstarfið í vetur.

Nefndin byrjaði starfið sitt haustið 2010 á því að setja sér markmið.

Markmið 2010-2012

Að nemendur

- Vinni verkefni úr efni sem fellur til í skólanum sem annars væri hent
- Hreyfi sig í nærumhverfinu
- Vinni verkefni úr rusli
- Fræðist um hollt líferni í sátt við náttúruna
- Fræðist um sjálfbærni og leiðir sem eru færar fyrir nemendur
- Fræði foreldra og nærsamfélagið um verkefni tengd grænfánanum

Áætlun fyrir 2010-2012

- Nemendur nota í myndmennt, smíði og textílmennt efni sem lokið hefur hlutverki sínu
- Nemendur safni rusli og nýti í verkin sín
- Farið verður oft út og unnin verkefni úti sem krefjast hreyfingar og skoðunar á nærsamfélaginu
- Farið í þjóðskóginn í útikennslu
- Nemendur fá fræðslu um þarfir líkamans á hvíld, hreyfingu og næringu
- Nemendur fá fræðslu og ræði um hvernig þeir geti tekist á við sjálfbærni, gangi vel um matinn, taki tillit til samnemenda og annarra. Passi upp á skólalóðina og geri hana betri. Hafi skoðun á nærumhverfinu og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum
- Nemendur haldi heilsudag þar sem kynnt eru verkefni til dæmis líkami mannsins og hringrásir

Um leið og ný markmið voru sett var rætt um gömlu markmiðin og talið best að kynna þau fyrir nýju nefndarmönnunum og rifja þau þannig upp vegna þess hversu langt var síðan að þau höfðu verið rædd síðast.

Næsta skref var að meta skólann og nefndin fór í sameiningu yfir umhverfisgátlista, það eru engar stórar breytingar sem koma fram á honum en þó einhverjar. Gátlistinn er í möppu sem geymir Grænfána verkefni eins og allar fundargerðir. Ýmsu hefur verið bætt á gátlistann. Má þar nefna að við ferðumst meira fótgangandi og ræðum mikið um sjálfbærni..

Þegar yfirferðinni yfir listann var lokið, byrjuðum við að vinna hugmyndavinnu um hvernig við gætum uppfyllt markmiðin sem best og upplýst alla í skólanum um það að hverju væri stefnt.



Nemendur hjóla í nærumhverfinu. Hóparnir fara mislangt eftir aldri.

Við skipulögðum mikla hreyfingu í nærumhverfinu. Farin var í hin árlega hjólaferð, nemenda og starfsfólks, þar sem nemendur hjóla mislangt eftir aldri. Allir koma með hjól og hjálma í skólann.

Skólalóðin var mikið notuð, skólinn fékk að gjöf greinitré sem við gróðursettum, einnig höfum við fengið úr Yrkjusjóði birkiplöntur á hverju ári. Nemendur gróðursetja plönturnar og mæla þær og fylgjast svo með vexti þeirra. Nemendur hafa allir tré sem er merkt þeim.

Í nágreinni skólans er lækur og einnig á sem við notum mikið til að fræða nemendur, þangað göngum við. Nemendur yngri bekkja fara gangandi á nærliggjandi bæ og fylgjast með sauðburði að vori. Við förum gangandi upp að landgræðslusvæðið okkar á Skaftholt fjalli. Þegar farið er í skógarferðir í Þjórsárdal göngum við mikið um skóginn.



Nemendur nýta nærumhverfi í náminu.



Nemendur í skógarferð, að skynja umhverfi.

Reynt er að nota allt sem til fellur í skólanum. Papparkassar voru notaðir í leikmuni, búninga og sviðsmyndir, fyrir utan það að endurnýta þá sem kassa.



Mjólkukassar erum núna hausar á gíraffa, eða naut.



Nemendur saumuðu töskur, tehattur, húfur og margt fleira ú kaffipokum. Lampar voru smíðaðir úr efni sem við fengum í skóginum. Það var ekki keypt timbur til smíðakennslu heldur notað efni sem til féll úr skóginum. Því miður glötuðust myndir af þessum munum vegna bilana í tölvukerfi skólans.

Í 1. Bekk var notast við plaströr og fleira til þess að búa til starfi á sem fjölbreyttasta vegu.



Sýnishorn af vinnubók um sjálfbærni

Veturinn 2011-12 unnum við mikið með heilsu. Við tókum geðheilsu fyrir á haustönn og unnum stórt verkefni um virðingu og vináttu, þar sem allir nemendur og starfsmenn unnu saman að veggskreytingu. Þar haldast allir innan skólans í hendur og skrifa fallegar orðsendingar til sessunautarins. Hópnum var blandaði saman og allir hjálpuðust að. Vinnu var svo haldið áfram í hinum ýmsu námsgreinum. Nemendur söguðu út hjörtu og máluðu eða skrifuðu á þau með brennipenna. Sjálfbærni kom oft til tals í þessari vinnu og að umgangast aðra með virðingu og vináttu í huga.



Verkefni var set upp á vegg í miðju skólans

Á vorönn tókum við fyrir mataræði og tannvernd. Nemendum voru sýndar fræðslumyndir og rætt var saman í stórum hóp. Sameiginlega bjuggu nemendur síðan til fæðuhringinn. Unnið var svo í litum hópum þar sem kennari fékk gott tækifæri til þess að ræða við nemendur um málefnið.

Jólaferð okkar í Þjóðskóginn var í byrjun desember. Við tókum föndurefni með okkur til baka í skólann og fengum síðan garðyrkjumann til þess að kenna okkur að búa til skreytingar úr efni sem við höfðum safnað. Við það tækifæri ræddum við um að eftir jól þyrftum við að fara með greinarnar aftur í skóginn til þess að passa upp á sjálfbærni.

Nemendur í 5.-7. bekk unnu sex vika þemaverkefni um umhverfi og sjálfbærni. Til umræðu var loft, vatn, landgræðsla, skólalóðin og samskipti. Nemendur unnu lítið hefti sem þeir skrifuðu í ásamt því að teikna skýringarmyndir.

Verkefnið um Jól í skókassa, teljum við vera gott dæmi fyrir nemendur þegar við erum að reyna að ræða um sjálfbærni við nemendum. Hér gefst tækifæri til þess að ræða um hjálpssemi og gleðina við að gefa og gleðja aðra. Nemendur leggja mikla vinna í að skreyta kassanna og leggja alúð í innihaldið.



Nemendur að ganga frá kössum sínum sem senda á til Úkraínu.

Hugmyndin um að halda foreldradag náðist ekki. Mikil veikindi voru í kennarahópnum og dró það úr afköstum verkefnisins á vorönn. Vonandi getum við haldið það á næstu tímabili. Hugmyndin um að bjóða foreldrum í skólann og að nemendur kynni stefna okkar og verkefni stendur enn.

Í síðustu skýrslu var gerð grein fyrir bæklingi sem umhverfisnefndin útbjó til að auðvelda íbúum hreppsins að flokka rusl. Fyrir þann bæklingur fengum við verðlaun sem Varðliðar umhverfisins. Við fengum einnig verðlaun Landgræðslu ríkisins, Fjöreggið, fyrir starf okkar að landgræðslu. Það er mikill heiður og hvatning að fá þessi verðlaun.



Umhverfisnefndin ásamt Svandís Svavarsdóttir ráðherra og Orra Páli, við verðlaunaafhendinguna í Þjóðmenningarhúsinu.

Við vinnum alltaf að öllum markmiðum sem við höfum sett okkur í þessu verkefni og bendi ég í því samhengi að skoða skýrslu frá okkur

Við nýtum okkur ýmsa miðla til að vinna að grænfánamarkmiðunum, til dæmis bækur eins og *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð*. Á netinu notum við <http://www.heimurinn.is/>, <http://www.flokkarinn.is>, ásamt vefrallý sem Bolette vann sérstaklega fyrir Þjórsárskóla <http://notendur.hi.is/bhk3/Vefrallyumumhverfismennt.html>.

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru fyrir 2010-12 hafi náðst. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjórsárskóli um að fá að endurnýja Grænfánann.

Sýnishorn af fundargerðum umhverfisnefndarinnar

Skólaárin 2010-2012 voru haldnir 16 fundir þar sem fundargerð var skrifuð. Fundagerðirnar, gátlistinn og fleira sem tengist Grænfánanum eru geymt í skólanum.

Fundargerð 1

Mánudagur 27. sep. 2010 kl.10:00

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Díana, Hekla, Sigríður Lára, Dísa Björk og Bolette

1. Rætt um fundarstað og tíma
2. Rætt um moltutunnurnar og að við þurfum að hræra í þeim
3. Rætt um markmið fyrir næstu tvö árin. Ákveðið að vinna að markmiðum á næsta fundi og hugsa málið þangað til.
4. Rætt um gátlistann og að við þurfum á næstunni að fylla hann út.
5. Næsti fundur er föstudaginn 8.október

Fundi slitið kl 10:08

Fundargerð 2

Miðvikudagur 29. sep. 2010 kl.11:15

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Díana, Hekla, Sigríður Lára, Dísa Björk, Orri Páll og Bolette

6. Rætt um verkefni grænfánas
7. Orri Páll spurðu nefndina um hvað hún hefur unnið. Við sýndum honum bæklinginn okkar. Hann spurðu líka um framtíðarsýn nefdarinnar og hvað nemendur vilji breyta og bæta í skólanum. Nefdin hafði margar tillögur um úrbætur á skólalóðinni.
8. Fundurinn endaði með að Orri Páll sagði að við fengjum grænfánann aftur næstu tvö árin.

Fundi slitið kl.12:00

Fundargerð 8

Föstudagur 3.des 2010 kl. 8:30

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Díana, Hekla, Sigríður Lára, Dísa Björk og Bolette

1. Bolette fór yfir fundinn um Grænfánann sem haldinn var í Þjórsárskóla 24. Nóv.
2. Nefndin er að finna hugmyndir um hvernig hægt er að endurnýta efni sem kemur inn í skólann.
3. Dísa vill gera skraut úr dós með því að setja gat á hana og þræða band með könglum á endann.
4. Díönu datt í hug að búa til rennibraut og virki úr drumbum. Og henni datt líka í hug að búa til pennaveski, buddu, tösku, utan um bók og utan um tölvu úr kaffipokum.

Fundi slitið kl 8:50

Fundargerð 1

Fimmtudagur 6.okt. 2011 kl.9:05

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Díana, Sigríður Lára, Matthías, Guðmundur og Bolette

1. Fórum yfir markmið vetrarins og rætt um hvað við viljum gera
2. Fyrir næstu fund ætlum við að reyna að muna allt og skrá niður hvernig við notuðum efni í skólanum sem hafði annars lokið hlutverki sínu.
3. Fórum yfir gátlista sem við unnum í fyrra.
4. Ákveðið að finna annan fundartíma þar sem þessa hentaði ekki vel.

Fundi slitið kl 9:20

Fundargerð 2

Fimmtudagur 3.nóv. 2011 kl.9:05

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Dána, Sigríður Lára, Ástráður, Guðmundur og Bolette

9. Rætt um að fara inn í hvern bekk til þess að rifja upp hvernig við flokkum rusl sem til fellur inni í bekkjum.
10. Ákveðið var að
 1. Guðmundur tali um pappírskassana
 2. Sigríður Lára um lífræna ruslið og minnti nemendur á að ydd mætti fara með. Einnig tali hún um handþvott, pappírs og sápunotkun.
 3. Dána tali um hvít blöð og sparnað á þeim
 4. Ástráður um að spara rafmagn og slökkva ljósin.
11. Rætt var um litaðan pappír og ákveðið að hafa sér kassa fyrir hann.
12. Farið var inn í 1.-2. bekk og talað við nemendur um flokkunina, næst förum við í 3.-4. bekk.

Fundi slitið kl 9:30

Fundargerð 3

Fimmtudagur 23.jan. 2011 kl.14:20

Umhverfisnefndarfundur

Mættar voru Díana, Sigríður Lára, Ástráður, Guðmundur og Bolette

1. Rætt aftur um að fara inn í hvern bekk til þess að rifja upp hvernig við flokkum rusl sem til fellur inni í bekkjum. Eftir er að fara í 3.-4. bekk.
2. Ákveðið var að
 - a. Guðmundur talaði um pappírs-kassana
 - b. Díana um lifræna ruslið og minnti nemendur á að ydd mætti fara með. Einnig talaði hún um handþvott, pappírs og sápunotkun.
 - c. Sigríður Lára talaði um hvít blöð og sparnað á þeim
 - d. Ástráður um að spara rafmagn og slökkva ljósin.
3. Nefndina langar til þess að gera bækling um bekkina og skólann eða um tunglið.
4. Á morgun kemur Sverrir Guðmundsson og við fáum verðlaunin okkar fyrir „Varðliða umhverfisins“.
5. Ákveðið að hafa grænan dag.

Fundi slitið kl 14:30

Fundargerð 4

Föstudagur 24.feb. 2011 kl.12:20

Umhverfisnefndarfundur 4

Mættar voru Díana, Sigríður Lára, Matthías, Guðmundur og Bolette

13. Rifja up hvað áttu að segja við nemendur í 3.-4. bekkur

14. Ákveðið var að

1. Guðmundur talaði um pappírskassana
2. Matthías um talaði um handpvott, pappírs og sápunotkun.
3. Sigríður Lára talaði um hvít blöð og sparnað á þeim
4. Díana um að spara rafmagn og slökkva ljósin.

15. Farið inn og rædd við 3.-4. Bekkur.

Fundi slitið kl 12:30

